

Grunnskólahátíð 2014

Miðvikudaginn 5. febrúar fer fram Grunnskólahátíð í Hafnarfirði.

Sýndar verða leiksýningar frá öllum grunnskólunum í Gaflaraleikhúsinu kl. 13 og kl. 15 auk þess sem leiklistarval grunnskólanna sýnir afrakstur vinnu sinnar í vetur.

Um kvöldið kl. 19:30-23:00 fer fram ball í íþróttahúsinu við Strandgötu, þar spilar Retro Stefson fyrir dansi auk þess sem Ingó veðurguð spilar nokkur lög. Sigurvegari úr söngkeppni félagsmiðstöðva syngur og nokkrir DJ úr félagsmiðstöðvum spila. Að balli loknu eru rútur heim.

Miðaverð á hátíðina er 2300 kr. og miðasala fer fram í félagsmiðstöðvunum í Hafnarfirði. Innifalið í miðaverði eru leiksýningar, ball og akstur. Miðaverð á að kosta allan rekstur eins og skemmtikrafta, hljóðkerfi, akstur og þrif en laun og húsaleiga fellur á bæinn.

Búast má við um 900 gestum á ballið og hafa nágrannar okkar úr Vogum, Álftanesi og Sjálandsskóla fengið boð okkar um að sækja hátíðina heim.

Um 50 starfsmenn félagsmiðstöðva starfa á ballinu auk tveggja kennara úr hverjum skóla og tryggja að öryggi og velferð ungmenna sé í hávegum höfð.

Fulltrúar unglinga úr öllum skólum hafa unnið að undirbúningi verkefnisins og ákveða þau meðal annars hjómsveitir, skemmtikrafta, kynna, happdrætti, skreytingar og þema ballsins sem í ár er ís. Vinn undirbúningshópsins hefur gengið vel og mikill og jákvæður andi er í hópnum.

Axel Guðmundson fyrir hönd
Verkefnastjóra félagsmiðstöðva í Hafnarfirði